

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2013

2013/EES/72/20

frá 15. júlí 2013

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 10, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 11, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 12, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 27 (2011) og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 28 (2011) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 13, og 20. túlkun alþjóðlegru túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 20) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1256/2012 frá 13. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 7 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 32 ⁽³⁾.
- 4) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 1254:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2012 frá 11. desember 2012 (Stjtið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 1),
- **32012 R 1255:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 frá 11. desember 2012 (Stjtið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 78),
- **32012 R 1256:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1256/2012 frá 13. desember 2012 (Stjtið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 145).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1254/2012, (ESB) nr. 1255/2012 og (ESB) nr. 1256/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 78.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 145.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.